

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Dalvíkurbæjar.



1. gr.

Hátíðarútgáfa byggðarmerkis Dalvíkurbæjar skal vera hvítur skjöldur með bláum (Pantone 3145) kanti. Á skildinum miðjum eru þrír fletir, tvær grænar (Pantone 342) hringsneiðar er til samans mynda hringgeira og blár (Pantone 3145) tígullaga flötur sem fyllir hringgeirann. Neðan við hringlaga fletina eru tvær bláar (Pantone 3145) bogalínur. Merkið má annars vegar skoða sem táknmynd Dalvíkur frá fjöru til fjalls þar sem blái flöturinn táknar fjalllendið fjær og grænu fletirnir hliðarnar. Bogalínurnar tvær tákna hafið. Einnig má líta á merkið sem táknmynd skips undir seglum og vísar þá til fiskveiða sem undirstöðu mann-lífs á Dalvík.

2. gr.

Hátíðarútgáfu merkisins skal nota þar sem merkið stendur eitt sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

3. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur, bæjarstjóri, embættismenn bæjarins og stofnanir hans nota byggðarmerkið með embættis- eða stofnanaheitum á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

4. gr.

Notkun á byggðarmerki Dalvíkur er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Dalvíkur, sbr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út frá samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema til prentnota, sbr. 5. gr.

5. gr.

Til almennra prentnota má nota einlita útgáfu merkisins, þ.e. svart/hvítt eða annan hvorn lita merkisins, þ.e. blátt (Pantone 3145) eða grænt (Pantone 342). Þessi notkun er heimil án sérstaks leyfis. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litaflötum merkisins og útlínunum skjaldarins.

6. gr.

Umsókn um leyfi til að nota byggðarmerki bæjarins skal fylgja sýnishorn af væntanlegri notkun merkisins. Bæjarskrifstofan á Dalvík leiðbeinir um notkun merkisins og varðveitir frummyndina af því.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkur hefur gert, staðfestist hér með, sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.